

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.*

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 9. október 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.

Breytingin tekur til Hulduholts 31 og felur í sér að lóðin stækkar um 130 m<sup>2</sup> en nýtingarhlutfallið minnkar úr 0,5 í 0,4. Hámarksbyggingarmagn á lóðinni verður 276 m<sup>2</sup> eftir breytingu. Lóðarmörk færast til og byggingarreitur breytist.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.*

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 9. október 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.

Breytingin tekur til Álfaholts 2, 4-6 og 12-14 og felur í sér að lóðin Álfaholt 2 stækkar um 40 m<sup>2</sup>, lóðin Álfaholt 4-6 minnkar um 40 m<sup>2</sup> og lóðin Álfaholt 12-14 stækkar um 109 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall á þeirri lóð minnkar lítillega og byggingarreitur færast og tvöfaldast að stærð.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Akureyri, 11. október 2024.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Rebekka Rut Þórhallsdóttir**, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.